

Öryggi ungs starfsfólks á vinnustað

Evrópska vinnuverndarstofnunin
(European Agency for Safety and Health at Work)

Ungu fólki er frekar hætt við vinnuslysum en öðrum vegna þess að það skortir reynslu, þjálfun og nauðsynlegan skilning á starfinu. Ungu fólkið þarfnast góðra ráða, fræðslu og eftirlits auk öruggra og heilsusamlegra verkefna við sitt hæfi. Séu unglingar undir 18 ára aldri ráðnir til starfa, hvort sem um er að ræða iðnnám, starfsþjálfun eða tímabundna vinnu skólafólks, gilda sértækar reglur nr. 426/1999 um bæði vinnutíma þeirra og hugsanlegar hættur á vinnustað. Á staðreyndablaði þessu er samantekt á skyldum varðandi vernd starfsmanna og sértækar kröfur vegna ungs starfsfólks. Á öðrum staðreyndablöðum er að finna nánari ráðleggingar til handa atvinnurekendum, verkstjórum, ungu fólki og foreldrum þess.

Löggjöfin tryggir öllum vernd

Á öllum vinnustöðum á að vera fyrir hendi gott fyrirkomulag á sviði vinnuverndarmála sem tryggir öllum vernd gegnum slysum og heilsutjóni. Innan þess kerfis ætti sérstaklega að taka tillit til þess að einkum ungt starfsfólk og byrjendur eru í hættu.

Atvinnurekendum ber meðal annars að framkvæma eftirfarandi á vinnustað:

- að skilgreina hættur og framkvæma áhættumat (1) – ekki einungis með tilliti til ungmenna í fullu starfi heldur vegna alls ungs starfsfólks, til dæmis aðstoðarfólks í helgarvinnu, iðnnema og fólks í starfsþjálfun,
- að standa að ráðstöfunum til að tryggja öryggi og heilbrigði alls ungs starfsfólks og nýliða. Þar er gert ráð fyrir bæði almennum og sértækum ráðstöfunum sem byggjast á áhættumati og gripið sé til í samráði við umsjónarmenn iðnnáms og starfsþjálfunar og aðra,
- að tryggja nauðsynlegt skipulag, þar með talin verkstjórn og annað eftirlit á vinnustað, og að til staðar séu hæfir verkstjórar sem hafi tíma til að sinna störfum sínum og veita leiðsögn ,
- að skilgreina allar þær sértæku ráðstafanir sem grípa þarf til vegna einstaklinga sem eiga undir högg að sækja, þar með talið ungt starfsfólk og nýliðar. Skilgreina þarf nákvæmlega þau verk sem ungu starfsfólki er bannað að vinna, t.d. notkun hættulegs tækjabúnaðar,
- að upplýsa um mögulegar hættur í starfi og kynna þær forvarnir sem gripið hefur verið til,
- að veita viðeigandi þjálfun, kennslu og fræðslu þegar nýtt fólk er ráðið til starfa eða þegar aðrar breytingar verða á vinnustað,
- að vernda starfsfólk í sérstökum áhættuhópum gegn þeim hættum sem að þeim gætu steðjað með sérstöku tilliti til ungs starfsfólks,
- að eiga samráð við starfsfólk og fulltrúa þess og gefa öllum færi á að taka þátt í umfjöllun um mál sem snúa að öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum. Þar er með talið unga starfsfólkið sjálft og samráð við fulltrúa starfsfólks um skipulag á störfum þess.

<http://osha.eu.int>

(1) Hætta er hvaðeina það sem valdið getur sjúkdómum eða slysum. Áhætta er líkurnar á að það geti gerst.

Löggjöfin – sérstakar aðgerðir til verndar ungmennum undir 18 ára aldri

(2)

Áður en ungt fólk tekur til starfa ber að gera *áhættumat* sem nær til vinnustaðarins og aðstæðna þar, líffræðilegra og efnafræðilegra þátta, tækjabúnaðar og notkunar hans, vinnuaðferða, starfsemi og vinnuskipulags, þjálfunar og kennslu.

Almennt er miðað við að ungmenni undir 18 ára aldri *megi EKKI vinna störf* sem:

- eru þeim ofviða, bæði líkamlega og andlega,
- gera að verkum að þau komast í snertingu við eitrefni eða krabbameinsvalda,
- gera að verkum að þau geta orðið fyrir geislun,
- fela í sér mikinn hita, hávaða eða titring,
- fela í sér áhættu sem ólíklegt er að þau átti sig á eða forðist vegna reynslu- eða þjálfunarleysis eða vegna þess að þau gæta ekki nægjanlega að öryggi sínu.

Séu unglingar undir 18 ára aldri en hafa lokið skyldunámi mega þeir vinna áður nefnd störf í mjög sérstökum tilvikum, þar með talið þegar:

- verkefnið er nauðsynlegur þáttur í iðnnámi þeirra,
- starfið er unnið undir eftirliti einstaklings með nauðsynlega hæfni,
- dregið er sem mest úr allri áhættu við starfið.

Ekki ætti að láta ungt starfsfólk vinna þar sem umtalsverð hættu er enn til staðar þrátt fyrir að gripið hafi verið til ráðstafana til þess að draga sem mest úr henni.

Sértækar reglur gilda um vinnutíma ungmenna. Þau fá einnig lengri hvíldartíma en annað starfsfólk og yfirleitt er ekki leyfilegt að láta það vinna næturvinnu.

Skólabörn 13 ára eða eldri: Ráða má börn til vinnu *þótt þau séu enn á skólaskyldualdri*. Þó gilda mjög strangar reglur um vinnutíma og næturvinnu, hvernig störf má inna af hendi og hvaða hvíldartíma er krafist í hverjum aldursflokki auk þess sem þau mega einungis vinna „létt“ störf, jafnvel þótt þau hafi náð þeim lágmarksaldri að mega sækja launavinnu. Tilkynna ber *foreldrum eða forráðamönnum* barna á skólaskyldualdri um niðurstöður áhættumats og þær öryggisráðstafanir sem gripið er til vegna öryggis barna þeirra áður en starfið hefst.

Mikilvægt er að kynna sér reglunar um vinnu barna og unglinga svo að þú þekkir nákvæmlega þær kröfur sem gerðar eru á sviði öryggis og heilbrigðis, hvaða tegund vinnu ákveðnir aldurs hópar megi eða megi ekki vinna og hvaða takmarkanir gilda um vinnutíma.

(2) Gerðar eru **lágmarkskröfur** um vernd ungmenna (undir 18 ára aldri) í vinnu í ESB-reglugerð 94/33/EC. Landslög gætu gert ítarlegri kröfur, t.d. hvað varðar lágmarksaldur við launavinnu og hvaða störf ungmenni mega ekki vinna.

Réttindi starfsfólks

Allt starfsfólk, þar með talið ungt fólk, hefur rétt á:

- að vita hvaða hættur eru til staðar á vinnustað þess, til hvaða fyrirbyggjandi ráðstafana þurfi að grípa til að tryggja öryggi sitt og heilbrigði og hvað ber að gera verði slys eða neyðarástand skapast,
- að fá upplýsingar, kennslu og þjálfun sem lýtur að viðkomandi starfi sér að kostnaðarlausu,
- að fá í hendur allan nauðsynlegan hlífðarbúnað, t.d. persónuhlífar, sér að kostnaðarlausu,
- að taka þátt í samstarfi um vinnuverndarmál á vinnustaðnum, tilkynna um óhöpp og alla hættulega starfshætti eða aðstæður og leita ráða um mál sem snúa að öryggi og heilbrigði hjá verkstjóra eða öryggisráðgjafarmönnum og –vörðum.

Ef ungt starfsfólk er í vafa um einhver atriði varðandi öryggi og heilbrigði í starfi sínu eða verkefnum, sem því eru falin, hefur það rétt til þess að vekja athygli verkstjóra síns á málinu og ber raunar skylda til þess. Einnig hefur það rétt á að neita að vinna hættuleg störf. Ungt fólk er ekki skyldugt til þess að vinna hættulegt verkefni vegna þess eins að yfirmaður þess skipar svo fyrir eða samstarfsmaður gerir það.

Ábyrgð starfsfólks

Ábyrgð er sameiginleg sem þýðir að jafnvel þótt ábyrgð atvinnurekandans sé mest hvað varðar það að skilgreina hættur og grípa til forvarna gegn þeim, ber starfsfólkið engu að síður líka ábyrgð. Lögum samkvæmt ber öllu starfsfólki, líka ungu fólki, skylda til þess að gæta bæði sín og annarra og að eiga samstarf við atvinnurekandann um vinnuverndarmál. Því ber til dæmis:

- að vinna samkvæmt öllum öryggisreglum, leiðbeiningum og taka þátt í þjálfun, þar með talin er þjálfun í notkun vélbúnaðar og tækja, öryggisbúnaðar eða persónuhlífa á borð við hanska eða grímur.
- að tilkynna verkstjóra sínum um allar hættur og heilsuspillandi þætti.

Vinnueftirlitið
Bíldshöfða 16
110 Reykjavík
S: 550-4600

Vinnueftirlitið er með umdæmisskrifstofur víða um land. Nánari upplýsingar fást á vefsíðu stofnunarinnar www.vinnueftirlit.is

FACTS 64

TE-74-06-653-EN-C

Evrópska vinnuverndarstofnunin

Gran Vía, 33, E-48009 Bilbao
Sími: (34) 944 79 43 60, bréfsími (34) 944 79 43 83
Netfang: information@osha.eu.int

© Vinnuverndarstofnun Evrópusambandsins. Eftirritun er heimil að því gefnu að vísað sé til heimilda.

<http://osha.eu.int>